

REGLUGERÐ

um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

1. gr.

Gildistaka tiltekinna EES-gerða.

Eftirfarandi reglugerðir sem vísað er til í XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), stofnun Efnastofnunar Evrópu (European Chemicals Agency), breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB, sem vísað er til í tölulið 12r, XV. kafla, II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2008, frá 14. mars 2008, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, II. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 25. september 2014, bls. 1275-1552.

Þrátt fyrir 1. málsl. öðlast EB-gerðin gildi hér á landi með eftirfarandi viðbótum:

- a. EFTA-ríkin skulu taka þátt í starfi Efnastofnunar Evrópu "stofnunarinnar" sem var sett á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006.
- b. Þrátt fyrir ákvæði 1. bókunar við samninginn skal túlka hugtakið "aðildarríki" í reglugerðinni þannig að það taki til EFTA-ríkjanna auk merkingar samkvæmt reglugerðinni.
- c. Að því er varðar EFTA-ríkin skulu Eftirlitsstofnun EFTA eða fastanefndin, eftir því sem við á, njóta aðstoðar stofnunarinnar við þau verkefni sem þeim eru falin, hvernig og hvenær sem það á við.
- d. Að því er varðar vörur sem ákvæði tilskipunar 91/414/EBE taka til skal EFTA-ríkjunum frjálst að takmarka aðgang að mörkuðum sínum í samræmi við ákvæði landslaga sem eru í gildi á gildistökudegi samnings þessa. Um nýjar ESB-reglur fer samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 97.-104. gr. samningsins.
- e. Komi til ágreinings milli samningsaðila um framkvæmd þessara ákvæða gilda ákvæði VII. hluta samningsins að breyttu breytanda.
- f. Eftirfarandi bætist við í lok 10. mgr. 3. gr.: eða tollsvæði EFTA-ríkjanna.
- g. Eftirfarandi aðlögunarákvæði bætist við í 8. mgr. 64. gr.: Þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um leyfisveitingu skulu EFTA-ríkin taka samsvarandi ákvörðun samtímis, þ.e. áður en 30 dagar eru liðnir frá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Senda ber sameiginlegu EES-nefndinni upplýsingar um slíkar ákvarðanir og skal hún birta þær reglulega í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.
- h. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 79. gr.:
4. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum stjórnar og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki EB, að undanskildum atkvæðarétti. Starfsreglum stjórnarinnar skal haga þannig að EFTA-ríkin geti tekið fullan þátt í störfum hennar.
- i. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 85. gr.:
10. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum aðildarríkjanefndarinnar, áhættumatsnefndarinnar og nefndar um félagshagfræðilega greiningu og hafa þar sömu réttindi og skyldur og aðildarríki EB, að undanskildum atkvæðarétti. Starfsreglum þessara nefnda skal haga þannig að EFTA-ríkin geti tekið fullan þátt í störfum þeirra.
- j. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 86. gr.:
5. EFTA-ríkin skulu taka þátt í gagnaskiptatorgi vegna framkvæmdar. Starfsreglum gagnaskiptatorgsins skal haga þannig að EFTA-ríkin geti tekið fullan þátt í því.
- k. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 89. gr.:
Ríkisborgarar EFTA-ríkjanna skulu vera hlutgengir til setu í kærunefndinni sem aðalmenn eða varamenn.

- l. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 96. gr.:
12. EFTA-ríkin skulu taka þátt í rekstri Efnastofnunarinnar frá því að ákvörðun þessi öðlast gildi. Í þessu skyni skal beita málsmæðferðinni sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins og bókun 32 við hann, að breyttu breytanda.
- m. Eftirfarandi bætist við í 102. gr.:
- EFTA-ríkin skulu láta Efnastofnunina njóta sérréttinda og friðhelgi með hliðstæðum hætti og kveðið er á um í bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópubandalaganna.
- n. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 103. gr.:
- Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna Evrópubandalaganna er framkvæmdastjóra Efnastofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.
- o. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 118. gr.:
5. Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar skulu, að því er varðar framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, einnig gilda um þau skjöl stofnunarinnar sem varða EFTA-ríkin.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 340/2008 frá 16. apríl 2008 um þóknarir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) sem vísað er til í tölulið 12zf, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2009, frá 5. desember 2009. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 39 frá 15. júlí 2010, bls. 771-790.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 134/2009 frá 16. febrúar 2009 um breytingu á XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2010, frá 30. janúar 2010. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 21 frá 29. apríl 2010, bls. 135-137.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 771/2008 frá 1. ágúst 2008 um reglur sem varða skipulag og málsmæðferð kærunefndar Efnastofnunar Evrópu sem vísað er til í tölulið 12zs, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2010, frá 13. mars 2010. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56 frá 7. október 2010, bls. 84-92.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 987/2008 frá 8. október 2008 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2010, frá 13. mars 2010. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56 frá 7. október 2010, bls. 93-98.
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2009 frá 22. júní 2009 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2011, frá 1. júlí 2011. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 7. október 2011, bls. 307-331.
7. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 276/2010 frá 31. mars 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), með tilliti til XVII. viðauka (díklórmetan, lampaolíur og grillvökvar og lífræn tinsambönd), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2011, frá 1. júlí 2011. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 7. október 2011, bls. 332-337.

8. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 143/2011 frá 17. febrúar 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2011, 21. október 2011. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12 frá 1. mars 2012, bls. 207-211.
9. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 207/2011 frá 2. mars 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (pentabromafleiða af dífenýleter og perflúoroktansúlfónöt (PFOS)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2011, 21. október 2011. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12 frá 1. mars 2012, bls. 212-213.
10. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 252/2011 frá 15. mars 2011 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2012, 15. júní 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 27. september 2012, bls. 611-614.
11. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 253/2011 frá 15. mars 2011 um breytingu á XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2011, 2. desember 2011. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12 frá 1. mars 2012, bls. 297-302.
12. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 453/2010 frá 20. maí 2010 sem breytir reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012 frá 15. júní 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 1. hluta, frá 27. september 2012, bls. 561-603.
13. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 366/2011 frá 14. apríl 2011 sem breytir reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), nánar tiltekið viðauka XVII (akrylamíð), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2012 frá 13. júlí 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 27. september 2012, 2. hluta, bls. 1270-1271.
14. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 109/2012 frá 9. febrúar 2012 sem breytir viðauka XVII við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2012 frá 28. september 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9 frá 7. febrúar 2013, bls. 177-225.
15. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 125/2012 frá 14. febrúar 2012 sem breytir viðauka XIV við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2012 frá 28. september 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9 frá 7. febrúar 2013, bls. 226-229.
16. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 412/2012 frá 15. maí 2012 sem breytir viðauka XVII við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-

- nefndarinnar nr. 195/2012 frá 26. október 2012. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9 frá 7. febrúar 2013, bls. 254-256.
17. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 494/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (kadmíum), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2013 frá 4. maí 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28 frá 16. maí 2013, bls. 365-368.
 18. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 835/2012 frá 18. september 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (kadmíum), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2013 frá 4. maí 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28 frá 16. maí 2013, bls. 267-269.
 19. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 836/2012 frá 18. september 2012 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi blýi) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2013 frá 4. maí 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28 frá 16. maí 2013, bls. 254-256.
 20. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 126/2013 frá 13. febrúar 2013 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2013 frá 9. október 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 56 frá 10. október 2013, bls. 558-561.
 21. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 847/2012 frá 19. september 2012 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi kvikasílfri) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 193/2013 frá 9. nóvember 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64 frá 14. nóvember 2013, bls. 267-270.
 22. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 348/2013 frá 17. apríl 2013 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 192/2013 frá 9. nóvember 2013. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64 frá 14. nóvember 2013, bls. 123-127.
 23. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1272/2013 frá 6. desember 2013 sem breytir XVII. viðauka við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er varðar fjölhringa arómatísk vetniskolefni, sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2014 frá 17. maí 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36 frá 12. júní 2014 bls. 641-643.
 24. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 848/2012 frá 19. september 2012 sem breytir XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), nánar tiltekið fenýlkvikasílfurssambönd, sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2014 frá 28. júní 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 25. september 2014, bls. 375-377.
 25. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 254/2013 frá 20. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008 um þóknarir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt

- reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zf, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2014 frá 28. júní 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 25. september 2014, bls. 378-389.
26. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 301/2014 frá 25. mars 2014 sem breytir XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), nánar tiltekið sexgild krómsambönd, sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 182/2014 frá 26. september 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 64 frá 30. október 2014 bls. 296-298.
27. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 895/2014 frá 14. ágúst 2014 sem breytir XIV. viðauka við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 268/2014 frá 12. desember 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8 frá 5. febrúar 2015, bls. 532-535.
28. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/282 frá 20. febrúar 2015 um breytingu á VIII., IX. og X. viðauka (viðvíkjandi framlengdu einnar kynslóðar rannsókninni á eiturhrifum á æxlun) við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2015 frá 11. júní 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 46 frá 20. ágúst 2015, bls. 854-859.
29. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 317/2014 frá 27. mars 2014 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi efnum sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), nánar tiltekið CMR efnasambönd, sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 180/2015 frá 10. júlí 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 17. september 2015, bls. 371-374.
30. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 474/2014 frá 8. maí 2014 sem breytir XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er varðar 1,4-diklórbenseni, sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2014 frá 24. október 2014. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 73 frá 4. desember 2014, bls. 501-504.
31. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/628 frá 22. apríl 2015 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi blýi og efnasamböndum þess) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 181/2015 frá 10. júlí 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 17. september 2015, bls. 375-378.
32. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/326 frá 2. mars 2015 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum og þalötum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 182/2015 frá 10. júlí 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55 frá 17. september 2015, bls. 379-381.

36. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/830 frá 28. maí 2015 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 258/2015 frá 30. október 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 10. desember 2015, bls. 392-415.
37. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/864 frá 4. júní 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 259/2015 frá 30. október 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 10. desember 2015, bls. 416-426.
38. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1494 frá 4. september 2015 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi bensení) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 257/2015 frá 30. október 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74 frá 10. desember 2015, bls. 390-391.
39. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/9 frá 5. janúar 2016 um sameiginlega framlagningu gagna og samnýtingu gagna í samræmi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 17, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2016 frá 29. apríl 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27 frá 12. maí 2016, bls. 941-945.
40. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/26 frá 13. janúar 2016 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi nónýlflenóletoxýlötum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2016 frá 29. apríl 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27 frá 12. maí 2016, bls. 888-890.
41. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/217 frá 16. febrúar 2016 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi kadmíum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölulið 12zc, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2016 frá 29. apríl 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 27 frá 12. maí 2016, bls. 891-892.
42. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/863 frá 22. júní 2016 um breytingu á VII. og VIII. viðauka (viðvíkjandi húðætingu/húðertingu, alvarlegum augnskaða/augnsnertingu og bráðum eitruhrifum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölul. 12zc, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/2016, þann 23. september 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 918-922.

51. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1005 frá 22. júní 2016 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi asbestrefjum (krýsótíli)) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölul. 12zc, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2016, þann 23. september 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 923-926.
52. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1017 frá 23. júní 2016 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi ólífrænum ammóníumsöltum) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölul. 12zc, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2016, þann 23. september 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 1925-1928.
53. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/823 frá 25. maí 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 771/2008 um reglur sem varða skipulag og málsmeðferð kærunefndar Efnastofnunar Evrópu, sem vísað er til í tölul. 12zs, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2016, þann 23. september 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 927-932.
54. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/266 frá 7. desember 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 440/2008 þar sem mælt er fyrir um prófunaraðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni, í því skyni að laga hana að tækniframförum (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölul. 12zza, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2016, þann 8. júlí 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 1479-1924.
55. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1688 frá 20. september 2016 um breytingu á VII. viðauka (viðvíkjandi húðnæmingu) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölul. 12zc XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2016, þann 2. desember 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 16. febrúar 2017, bls. 169-171.
56. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2235 frá 12. desember 2016 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi bisfenóli A) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölul. 12zc XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2017, þann 3. febrúar 2017. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17 frá 16. mars 2017, bls. 630-632.
57. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/227 frá 9. febrúar 2017 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi bis(pentabrómfenýl) eter) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), sem vísað er til í tölul. 12zc XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2017, þann 5. maí 2017. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 31 frá 18. maí 2017, bls. 1017-1020.

2. gr.

Lögbært stjórnvald.

Umhverfisstofnun gegnir hlutverki sem lögbært yfirvald skv. 121. grein reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).

Umhverfisstofnun getur krafist þess að upplýsingar sem sendar eru til Efnastofnunar Evrópu, í samræmi við ákvæði EB reglugerðar nr. 1907/2006 verði einnig sendar til Umhverfisstofnunar.

3. gr.

Skráningarskylda.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis, hvort sem það er hreint, í efnablöndu eða í hlutum, sem framleiðir eða flytur inn efni til markaðssetningar á Evrópska efnahagssvæðinu í meira magni en einu tonni á ári, skal skrá efnið hjá Efnastofnun Evrópu, nema EB reglugerð nr. 1907/2006 kveði á um annað.

Greiða skal skráningargjald til Efnastofnunarinnar samkvæmt gjaldskrá hennar, sbr. 2. og 25. tl. 1. gr.

Efni og efnablöndur sem eru markaðssett skulu vera pökkuð og merkt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og í samræmi við upplýsingar sem fást við beitingu ákvæða 12. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

4. gr.

Markaðsleyfi.

Framleiðandi eða innflytjandi efnis sem háð er markaðsleyfi skal sækja um slíkt leyfi til Efnastofnunar Evrópu í samræmi við VII. bálk EB reglugerðar nr. 1907/2006. Sama gildir um eftirnotanda ef notkun hans á efninu er ekki innan heimils notkunarviðs samkvæmt markaðsleyfi sem gefið hefur verið út til handa innflytjanda eða framleiðanda efnisins. Greiða skal gjald til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt gjaldskrá hennar, sbr. 2. og 25. tl. 1. gr.

Framkvæmdastjórn EB tekur ákvörðun um veitingu markaðsleyfis. Umhverfisstofnun staðfestir slíka ákvörðun innan 30 daga eftir að hún hefur verið birt með því að birta stutta samantekt um hana í Lögbirtingablaðinu. Umhverfisstofnun skal halda lista yfir útgefin markaðsleyfi á heimasíðu sinni.

5. gr.

Öryggisblöð og öryggisskýrslur.

Afhenda skal öryggisblöð með efnum og efnablöndum í samræmi við 30. gr. efnalaga nr. 61/2013 og í samræmi við ákvæði 31. gr. EB reglugerðar nr. 1907/2006.

Öryggisblöð skulu vera á íslensku. Upplýsingar úr öryggisskýrslum um örugga notkun skulu, þegar við á, fylgja í viðauka við öryggisblað og er heimilt að birta upplýsingar úr öryggisskýrslum á ensku. Heimilt er að afhenda öryggisblöð með efni eða efnablöndu á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku til viðtakenda efna sem stunda rannsóknir og þróun enda sé um að ræða afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji annað erlent mál vegna menntunar eða annarrar sérhæfingar. Heimild þessi gildir þó einungis ef magn efnis eða efnablöndu sem er afhent er minna en 1 kg á ári á hvern viðtakanda.

6. gr.

Eftirlit.

Um eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt XI. kafla efnalaga nr. 61/2013. Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa eftirlit með meðferð, notkun og merkingum efna í starfsleyfisskyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. 1. mgr. 6. gr. efnalaga nr. 61/2013.

7. gr.

Þvingunarúrræði.

Um þvingunarúrræði samkvæmt reglugerð þessari fer samkvæmt XIII. kafla efnalaga nr. 61/2013.

8. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt XIV. kafla efnalaga nr. 61/2013.

9. gr.

Sérstök ákvæði.

Þrátt fyrir 1. lið 59. færslu í XVII. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1907/2006, sbr. 7. tl. 1. gr., er málarameisturum heimilt að nota málningaruppleysa sem innihalda díklórmetan að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í þessari grein. Jafnframt er heimilt að slíkir málningaruppleysar séu settir á markað til sölu til málarameistara að uppfylltum skilyrðum sem fram koma í þessari grein.

Málarameistari, sem óskar eftir að nota málningaruppleysa sem innihalda díklórmetan, skal hafa hlotið sérstaklega þjálfun til að nota málningaruppleysa sem innihalda díklórmetan. Slík þjálfun skal að lágmarki ná yfir vitneskju um heilbrigðisáættur og mat og stjórn á þeim, þ.m.t. upplýsingar um fyrirliggjandi staðgönguefni eða ferli sem við notkunarskilyrðin eru hættuminni fyrir heilbrigði og öryggi starfsmanna, notkun á nægjanlegri loftræstingu og notkun á viðeigandi persónuhlífum. Málarameistari skal skila staðfestingu á að hafa lokið þjálfun til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun gefur út vottorð fyrir málarameistara sem hlotið hafa þjálfun skv. 2. mgr.

Fyrirtæki, sem óskar eftir að markaðssetja málningaruppleysa sem innihalda díklórmetan, skal afla sér leyfis frá Umhverfisstofnun til að markaðssetja slíka málningaruppleysa.

Umhverfisstofnun gefur út leyfi fyrir fyrirtæki sem markaðssetja málningaruppleysa sem innihalda díklórmetan.

Fyrirtækjum, sem hafa leyfi skv. 5. mgr., er einungis heimilt að afhenda málningaruppleysa sem innihalda díklórmetan til aðila sem hafa vottorð skv. 3. mgr. Þá er slíkum fyrirtækjum óheimilt að stilla málningaruppleysum sem innihalda díklórmetan upp í verslunum sínum.

10. gr.

Innleiðing tiltekinna EES-gerða.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirfarandi gerðum:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), stofnun Efnastofnunar Evrópu (European Chemicals Agency), breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 340/2008 frá 16. apríl 2008 um þóknarir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 134/2009 frá 16. febrúar 2009 um breytingu á XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 771/2008 frá 1. ágúst 2008 um reglur sem varða skipulag og málsmeðferð kærunefndar Efnastofnunar Evrópu.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 987/2008 frá 8. október 2008 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).

6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2009 frá 22. júní 2009 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
7. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 276/2010 frá 31. mars 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
8. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 143/2011 frá 17. febrúar 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
9. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 207/2011 frá 2. mars 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (pentabrómafleiða af difenýleter og perflúoroktansúlfónöt (PFOS)).
10. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 252/2011 frá 15. mars 2011 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
11. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 253/2011 frá 15. mars 2011 um breytingu á XIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
12. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 453/2010 frá 20. maí 2010 sem breytir reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
13. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 366/2011 frá 14. apríl 2011 sem breytir reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), nánar tiltekið viðauka XVII (akrílamíð).
14. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 109/2012 frá 9. febrúar 2012 sem breytir viðauka XVII við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
15. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 125/2012 frá 14. febrúar 2012 sem breytir viðauka XIV við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
16. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 412/2012 frá 15. maí 2012 sem breytir viðauka XVII við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
17. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 494/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (kadmíum).
18. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 835/2012 frá 18. september 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (kadmíum).
19. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 836/2012 frá 18. september 2012 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi blýi) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
20. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 126/2013 frá 13. febrúar 2013 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
21. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 847/2012 frá 19. september 2012 um breytingu á XVII. viðauka (viðvíkjandi kvikasílfri) við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
22. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 348/2013 frá 17. apríl 2013 um breytingu á XIV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).

23. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1272/2013 frá 6. desember 2013 sem breytir XVII. viðauka við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er varðar fjölbhringa arómatísk vetniskolefni.
24. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 848/2012 frá 19. september 2012 sem breytir XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), nánar tiltekið fenýlkvikasílfurssambönd.
25. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 254/2013 frá 20. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 340/2008 um þóknanir og gjöld sem greiða ber til Efnastofnunar Evrópu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
26. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 301/2014 frá 25. mars 2014 sem breytir XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), nánar tiltekið sexgild krómsambönd.
27. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 895/2014 frá 14. ágúst 2014 sem breytir XIV. viðauka við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).
28. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/282 frá 20. febrúar 2015 um breytingu á VIII., IX. og X. viðauka (viðvirkjandi framlengdu einnar kynslóðar rannsókninni á eiturhrifum á æxlun) við reglugerð (EB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)).

11. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. tl. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni ("REACH") ásamt síðari breytingum.

~~- Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 21. september 2015: -~~

~~- Sigrún Magnúsdóttir. -~~

~~- Sigríður Auður Arnardóttir. -~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.